

Málþing um Hornstrandir og aðliggjandi svæði

16. – 17. apríl 1999

Í fyrirlestrarsal framhaldskólans á Ísafirði

Ísafjarðarbær
Náttúrustofa Vestfjarða
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Framhaldsskóli Vestfjarða
og Ferðamálasamtök Vestfjarða

Fundarstjórar
Birna Lárusdóttir
Smári Haraldsson

Umsjón
Þorleifur Eiríksson og Dorothee Lubecki

Ísafjarðarbær 1999

Efnisyfirlit

Ávarp	3
Halldór Halldórsson	
Dagskrá málþingsins	4
Hornstrandir - náttúruperla 21. aldar	6
Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu	
Hlutverk Náttúruverndar ríkisins á friðlýstum svæðum	7
Árni Bragason. Náttúruvernd ríkisins	
Hornstrandir og félag landeiganda, LSG	9
Þorvarður Jónson. Félag landeigenda í Sléttu- og Grunnavíkurhreppi	
Stefnumörkun í skipulagsmálum í Sléttu- Grunnavíkur- og Snæfjallahreppi	10
Ármann Jóhannesson. Ísafjarðarbær.	
Jarðfræði Hornstranda	11
Jón Reynir Sigurvinsson. Framhaldsskóli Vestfjarða	
Gróður á Hornströndum	12
Arnín Óladóttir. Náttúrustofa Vestfjarða	
Dýralíf á Hornströndum	13
Ester Unnsteinsdóttir. Náttúrustofa Vestfjarða	
Saga Hornstranda	14
Jóna Símonía Bjarnadóttir. Héraðsskjalasafnið á Ísafirði	
Fornleifar á Hornströndum	14
Ragnar Edvardsson. Fornleifastofnun Íslands	
Þróun Vestfjarða sem ferðamannasvæðis	15
Dorothee Lubecki. Ferðamálafulltrúi Vestfjarða	
Hlutverk ferðaskrifstofa/ferðaskipuleggjenda á Hornströndum	16
Sigríður Kristjánsdóttir. Ferðaskrifstofan Vesturferðir	
Norðurstrandir og Djúp - Framtíðarsýn á ferðahætti	17
Haukur Jóhannesson. Ferðafélag Íslands	
Strandir Morgundagsins	20
Jón Björnsson. Leiðsögumaður	
Afnot heimafólks af svæðinu norðan Djúps	20
Sölvi Sólbergsson. Landeigandi	
Heilbrigðis- og umhverfisvandamál tengd ferðamennsku á Hornströndum.	21
Anton Helgason. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	
Samstarfsverkefni milli Náttúruverndar ríkisins og Ísafjarðarbæjar um hreinsun og viðhaldsverkefni í friðlandinu á Hornströndum.	22
Ásthildur Cesil Þórðardóttir. Garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar.	
Löggæzla á Hornströndum	23
Ólafur Helgi Kjartansson. Sýslumaðurinn á Ísafirði	
Öryggismál. Neyðarskýli á Hornströndum !	24
Magnús Ólafs Hansson. Neyðarskýlanefnd Slysavarnafélags Íslands	
Auglýsing um friðland á Hornströndum.	25

Ávarp

Kæru gestir.

Málþing um Hornstrandir og aðliggjandi svæði er kærkomið fyrir alla þá sem velta fyrir sér framtíð þessa stórkostlega og um leið hrikalega svæðis. Af mörgu er að taka þegar rætt er um svæðið eins og sjá má af metnaðarfullri dagskrá málþingsins. Undirritaður vill þakka þeim er undirbúið hafa málþingið, sérstaklega Þorleifi Eiríkssyni hjá Náttúrustofu Vestfjarða og Dorothee Lubecki hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, svo og öllum öðrum er lagt hafa fram sína starfskrafta í þágu málþingsins. Þátttakendur og gesti málþingsins vil ég bjóða sérstaklega velkomna með ósk um vel heppnað málþing í faðmi fjalla blárra.

Halldór Halldórsson
bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Seinni dagur – Laugardagur 17 apríl

09:00 - 09:30 **Þróun Vestfjarða sem ferðamannasvæðis**
Dorothee Lubecki Ferðamálafulltrúi Vestfjarða

09:30 - 10:00 **Hlutverk ferðaskrifstofa/ferðaskipuleggjenda á Hornströndum**
Sigríður Kristjánsdóttir. Ferðaskrifstofan Vesturferðir

10:00 – 10:30 **Norðurstrandir og Djúp - Framtíðarsýn á ferðahætti**
Haukur Jóhannesson. Ferðafélag Íslands

10:30 – 11:00 Kaffihlé

11:00 – 11:30 **Strandir morgundagsins**
Jón Björnsson. Leiðsögumaður

11:30 – 12:00 **Afnot heimafólks af svæðinu norðan Djúps**
Sölvi Sólbergsson. Landeigandi

12:00– 13:00 Matarhlé

13:00 – 15:30 **Pallborðsumræður**

Á palli eru:

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins
Þorvarður Jónsson, formaður landeigandafélagsins
Sölvi Sólbergsson, stjórnarmaður í landeigendafélaginu
Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi

Hornstrandir - náttúruperla 21. aldar

Magnús Jóhannesson

Ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu

Saga búsetu í landinu var allt fram á þessa öld öðrum þræði saga um baráttu forfeðra okkar við óvægin náttúruöfl. Hvergi varð sú baráttu erfiðari en á Hornströndum þar sem kynslóðirnar hver fram af annarri háðu baráttu við einangrun og vægðarlaus náttúruöflin. Að öðru leyti í sátt við náttúruna undu Strandamenn tiltölulega ánægðir með sitt hlutskipti enda náttúra Hornstranda um margt afar gjöful. Í því sambandi má minnst þess að Landnáma segir frá því að Geirmundur heljarskinn landnámsmaður Hornstranda hafi leitað norður á Strandir úr þrengslum Dalanna að betra landrymi.

Ekki verður annað séð en að búseta á Hornströndum hafi haft í fullu tré við búsetu annars staðar á landinu allt fram á þessa öld, þegar tækniþróunin, ný samfélagsviðhorf (bæjarþróunin) og menningarstraumar urðu til þess að koma róti á byggðina. Sléttuhreppur hinn forni er nú stærsta samfellda svæðið á landinu sem horfið hefur úr fastri búsetu eftir landnám. Tæplega hálfar aldar fjarvist fastrar búsetu á Hornströndum hefur leitt til þess að svæðið hefur í náttúrulegu tilliti náð að þróast að verulegu leyti á eigin forsendum á þessu tímabili. Sú staðreynd hefur skapað Hornströndum mikilvæga sérstöðu sem mun í auknum mæli draga að sér ferðamenn og annað fólk sem sækist eftir útivist.

Á síðustu misserum hefur farið fram hér á landi mikil umræða um miðhálendi Íslands og framtíðargildi þess fyrir komandi kynslóðir. Þessi umræða er ekki einstök fyrir Ísland. Um allan hinn vestræna heim er almenningur að vakna upp við þá staðreynd að þeim landssvæðum sem ekki hefur verið raskað af mannvirkjum hefur fækkað mjög á síðustu áratugum. Á sama tíma hefur ys og þys hins daglega lífs í kraðaki þéttbýlisins, aukið þörf fólks fyrir að geta sótt kyrrð og afslöppun en um leið nýjan lífskraft í náttúruna. Ekkert bendir til annars en að þörf þéttbýlisbúans muni fara vaxandi í þesskonar samvist við náttúruna. Því mun gildi lítt snortinna eða lítt raskaðra svæða sem jafnframt bjóða upp á náttúrufegurð eða náttúruleg sérkenni vaxa mjög á næstu öld.

Hornstrandir eiga alla möguleika á því að verða slík náttúruperla á næstu öld ekki síst ef til þess stendur vilji landeigenda og skipulagsyfirvalda á svæðinu. Hin sérstæða náttúrufegurð svæðisins gæti því ef rétt er á málum haldið skotið traustari fótum undir núverandi byggð á norðanverðum Vestfjörðum. Það gæti orðið þéttbýlisbúanum upplýfting og endurnæring að bregða sér úr þrengslum þéttbýlisins tímabundið í náttúru Hornstrandanna eins og Geirmundur heljarskinn gerði forðum þó hann hafi reyndar ákveðið að setjast þar að.

Hlutverk Náttúruverndar ríkisins á friðlýstum svæðum

Dr. Árni Bragason

Forstjóri Náttúruverndar ríkisins

Náttúruvernd ríkisins er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Stofnunin tók við af Náttúruverndarráði í byrjun árs 1997.

Verkefni stofnunarinnar eru einkum: rekstur þjóðgarða og friðlýstra svæða, leyfisveitingar, umsagnir um ýmis konar rekstur og framkvæmdir sem valdið geta tjóni á náttúru landsins, undirbúningur friðlýsinga, gerð verndaráætlana, eftirlit með svæðum í óbyggðum, friðlýstum svæðum og mannvirkjagerð, skýrslugerð um ástand svæða í óbyggðum og ástand náttúruverndarsvæða, svo og fræðsla.

Stofnunin á að veita sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum ráðgjöf, en einnig aðhald.

Náttúruvernd ríkisins sér um og rekur þjóðgarða og friðlýst svæði, en lítið fjármagn hefur verið lagt til uppbyggingar á svæðunum á undanförunum árum. Sprenging í komu ferðamanna til landsins og veruleg aukning á ferðum Íslendinga hrópar á fjármagn til að ekki verði skemmdir á náttúruperlum landsins. Náttúruvernd ríkisins vinnur nú að mati á fjárþörf til uppbyggingar ásamt Ferðamálaráði Íslands og Vegagerðinni og vonast eftir stefnubreytingu í málaflokknum á næstu árum.

Stjórn Náttúruverndar ríkisins stefnir að breytingum í áherslum í rekstri þjóðgarðanna m.a. með bættri aðstöðu fyrir daggesti, uppbygging og rekstri gestastofa og stofnunin hefur auglýst eftir tilboðum í rekstur tjaldsvæðis í þjóðgarðinum í Skaftafelli. Stjórnin telur gjaldtöku fyrir veitta þjónustu á friðlýstum svæðum eðlilega leið til að standa straum af uppbyggingu svæðanna og hvetur sveitarstjórnir og aðra lögaðila til þess að koma að rekstri friðlýstra svæða. Eðlilegt er að rekstraraðili fái að öllu leyti þær tekjur sem verða til á svæðunum en sjái jafnframt um viðhald og uppbyggingu á þeim.

Náttúruvernd ríkisins stefnir að auknu samstarfi og samráði við sveitarstjórnir. Samvinna við náttúruverndar- og umhverfisnefndir er þegar fyrir hendi og með gildistöku nýrra laga 1. júlí verður valdsvið náttúruverndarnefndanna aukið og samráðið við stofnunina nánara. Hugmyndir og áherslur heimamanna eru lykilatriði í virkri náttúruvernd. Hlutverk Náttúruverndar ríkisins verður í vaxandi mæli fólgið í ráðgjöf og eftirliti.

Gera þarf verndaráætlun fyrir öll friðlýst svæði. Semja þarf og gefa út kynningarbæklinga fyrir þau þar sem fram koma m.a. ástæða friðlýsingar og upplýsingar um náttúruferðir svæðanna. Þetta er kostnaðarsamt og því hefur allt of lítið verið framkvæmt á undanförunum árum.

Í mjög mörgum friðlýsingum er ákvæði um samráðsvettvang eða ráðgjafanefndir fyrir viðkomandi friðlönd. Þar koma hagsmunaaðilar saman og ræða málefni sem brenna á og marka þar stefnu og útfærslur á friðlýsingarreglum. Öll veigameiri mál og vafaatriði koma þar til umræðna áður en stofnunin afgreiðir mál.

Hornstrandir

Í samanburði við önnur friðlýst svæði landsins hefur mikið verið unnið að upplýsingaöflun og útgáfu á undanförunum árum um Hornstrandir. Fyrirliggjandi er staðfest stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum fyrir fyrrum Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahrepp fyrir árin 1995 – 2015 og unnið er að víðtækum rannsóknum á náttúrufari svæðisins.

Skýrar reglur, staðfest stefnumörkun og þekking á náttúru- og fornminjum auðvelda ákvarðanatöku og stjórnsýslu í friðlandinu.

Eftirfarandi friðlýsingarreglur gilda um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndar ríkisins.
 2. Umferð vélknúinna farartæka utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Náttúruverndar ríkisins komi til.
 3. Leyfi landeigenda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanyttjar á svæðinu. Leyfi Náttúruverndar ríkisins þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar. Um netaveiði í ósum straumvatna gilda ákvæði laga um lax-og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. einkum VI. kafla.
 4. Gangandi fólk er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.
 5. Náttúruvernd ríkisins og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
 6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið.
 7. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruvernd ríkisins um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
 8. Náttúruvernd ríkisins setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
 9. Náttúruvernd ríkisins og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.
- Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndar ríkisins eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Samráðsnefnd um málefni friðlandsins fundar reglulega um helstu mál og hefur gert á undanförunum árum. Breytingar á mörkum sveitarfélaga hafa vakið umræðu um skipan samráðsnefndar, hvort ekki sé rétt að sveitarfélagið eigi aðild að samráðsnefndinni.

Náttúruverndarlög heimila Náttúruvernd ríkisins að semja við einstaklinga eða lögaðila um rekstur náttúruverndarsvæða. Þá er gerður sérstakur samningur sem ráðherra staðfestir og hlutverk stofnunarinnar verður að hafa eftirlit með að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar. Enn sem komið er hefur ekki verið leitað eftir samningum við stofnunina, enda flest friðlýst svæði landsins í mikilli fjárför.

Hornstrandir og félag landeigenda, LSG

Þorvarður Jónson

Formaður Félags landeigenda Sléttu- og Grunnavíkurhreppi

Lýst er tildrögum að stofnun Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps, LSG.

Lýst er samvinnu LSG og Náttúruverndarráðs við undirbúning auglýsingar um friðland á Hornströndum nr. 366/1975 og við síðari breytingar nr. 44/1985 og nr. 332/1985.

Lýst er vinnu að umgengnisreglum og við breytingu á auglýsingu um friðlandið á Hornströndum, sem ekki náðu fram að ganga.

Lýst er fundum stjórnar LSG við bæjarstjórnina og sýslumanninn á Ísafirði um framtíð friðlandsins á Hornströndum.

Lýst er umfjöllun LSG um eftirfarandi málefni:

1. Sameining Sléttuhrepps við Ísafjarðarkaupstað.
2. Stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum Snæfjalla- og Sléttuhrepps 1995 - 2015. (Fyrirsögn síðar breytt í: "fyrrum Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa).
3. Landvarsla Náttúruverndarráðs í friðlandinu á Hornströndum s.l. 13 ár.
4. Djúpbáturinn, Fagranes - þjónusta hans við friðlandið á Hornströndum.
5. Refir í friðlandinu á Hornströndum.
6. Hreinsanir í Aðalvík og á Straumnesfjalli.
7. Hreinsunarstarf unglíngavinnu Ísafjarðarbæjar í friðlandinu á Hornströndum.

Stefnumörkun í skipulagsmálum í Sléttu- Grunnavíkur- og Snæfjallahreppi

Ármann Jóhannesson

Bæjarverkfræðingur Ísafjarðarbæjar

Hér er um að ræða stefnumörkun til 20 ára í skipulags- og byggingarmálum á svæðinu. Komið er inn á umhverfisvernd, landnotkun á friðlandinu, utan þess og á svæðum á náttúruminjaskrá og fjallað um vernd náttúru, minja og byggðar.

Með stefnumörkuninni er reynt að koma til móts við óskir landeigenda og ferðapjónustuaðila um landnotkun og aðstöðu, en um leið reynt að valda sem minnstri röskun á umhverfinu með því að halda öllum umsvifum í lágmarki og þannig uppfylla lög um náttúru- og minjavernd svo og friðlýsingu hluta svæðisins.

Lagt er til að allt svæðið fái verndargildi sem sérstæð landslagsheild með minjum um gamla byggð, forna lífshætti og sérstætt náttúrufar og um það verði settar sérstakar reglur í samræmi við mat á sérstöðu þess í heild. Lagt er til að skipulagsstofnun, Náttúruverndarráð, Þjóðminjasafn Íslands og sveitarstjórn, í samráði við landeigendur og Ferðamálasamtök Vestfjarða, setji þessar reglur. Stefnt verði að því að allt svæðið verði friðland, en í byrjun verði sá hluti svæðisins, sem hefur verið án sérstakra verndarákvæða, settur á náttúruminjaskrá.

Jarðfræði Hornstranda

Jón Reynir Sigurvinsson

Framhaldsskóli Vestfjarða

Lýst er meginráttum í jarðfræði Hornstranda. Haldur jarðlaga, halli þeirra ásamt megineldstöðvum og sprungureinum er sýndur á jarðfræðikortum. Skipting jarðlaga í blágrýti, líparít og setlög er einni g sýnt á jarðfræðikorti.

Til að gefa dæmi um jarðfræðifyrirkæmi er sýnd röð litskyggna sem teknar eru frá Kaldalóni, í Lónafirði og norður að Hornbjargi. Fjallað er um Jökulgarð í Kaldalóni ásamt breytingum á jökulsporði og jökulhlaup sem varð í septemberbyrjun 1998. Í Lónafirði er skyggst í innviði Jökulfjarðarmegineldstöðina og sýndar myndir af innskotum, berggöngum og trjábolaforum. Fjallað er um katla í Drangajökli.

Hornbjarg og Hælavíkurbjarg eru með stærstu brimklifum hér á landi og þar sést vel hvernig berggrunnurinn er uppbyggður. Þar eru glögg dæmi um mátt sjávarrofsins við ströndina. Sýndar eru myndir af Drífanda í Látravík undir sérstöðu sjónarhorni og fjallað um sjávarrof í Látravík.

Gróður á Hornströndum

Arnín Óladóttir

Náttúrustofa Vestfjarða

Gróðurfur á Hornströndum er um margt sérkennilegt, annars vegar er um að ræða eina af harðbýlustu sveitum landsins þar sem veðurfarið nálgast það sem gerist á heimskautasvæðum, en hins vegar er þetta eitt af stærstu, ef ekki stærsta, samfellda svæðið á landinu þar sem ekki hefur verið beit áratugum saman. Þessi friðun í bland við snjóalög og fleiri þætti valda því að gróðurfarið virðist vera meira í ætt við blómagarða en heimskautasvæði.

Lítið hefur verið um skipulegar rannsóknir á gróðri svæðisins, en þó hafa ýmsir grasfræðingar skráð þar tegundalista og lýst gróðri og aðstæðum. Talið er að um það bil 260 tegundir háplantna finnist í friðlandinu, flestar algengar a.m.k. hér norðvestanlands. Aðstæður eru aftur á móti mjög misjafnar innan svæðisins og því er útbreiðsla þessarra tegunda alls ekki samfelld og oft langt á milli sömu gróðurhverfa og þau jafnvel einangruð landfræðilega.

Hornstrandir voru meira og minna í byggð frá landnámi þó að plágur og harðindi hafi oft höggvið þar stærri skörð en ennars staðar á landinu. Samkvæmt lýsingum á landnýtingu, til dæmis í Jarðabók Árna Magússonar og Páls Vídalín frá 1710, hefur óhjákvæmilega orðið mikil breyting á gróðurfari frá landnámsöld og má gera ráð fyrir því að afskipti mannsins setji enn nokkurn svip á flóruna þrátt fyrir áratuga friðun. Breytingar eru hægar á norðlægum slóðum og má gera ráð fyrir að enn séu merki um beit að minnsta kosti þar sem lengst var búið.

Náttúrustofa Vestfjarða hóf nú síðastliðið sumar undirbúning að rannsóknum á gróðri á Hornströndum. Farinn var leiðangur í Jökulfirði og skoðaður gróður á bæjarstæðum og í nánd við þau. Staðirnir voru valdir fyrst og fremst með það fyrir augum að mislangt er síðan jarðirnar fóru í eyði. Ekki var um skipulagðar rannsóknir að ræða annað en að gerður var listi yfir þær tegundir sem fundust.

Nú í sumar fer síðan af stað rannsókn sem beinist að fjölbreytileika tegunda á svæðinu og í einstökum gróðurhverfum. Hugmyndin er að slík rannsókn muni, auk þess að lýsa Hornströndum betur, verða grundvöllur að vöktun svæðisins svo að hægt verði að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem eru að eiga sér stað. Auk þess getur slík rannsókn hjálpað til við að gera sér grein fyrir áhrifum landnýtingar á byggðum svæðum. Auk þessa verður byrjað að gera gróðurkort að svæðinu í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Þetta verk tekur langan tíma og verður byrjað á þeim svæðum þar sem gera má ráð fyrir hvað örustum breytingum.

Því verður beint til fundarins að ræða hvaða stefnu skuli tekin í verndun gróðurs í friðlandinu og hvernig á að fara með aðfluttar tegundir. Verndun svæðisins getur verið allt frá fullkomnu aðgerðarleysi til þess að reyna að endurheimta gróður eins og hann var við landnám.

Dýralíf á Hornströndum

Ester Rut Unnsteinsdóttir

Náttúrustofa Vestfjarða

Formáli

Síðastliðið sumar starfaði undirrituð fyrir Náttúrustofu Vestfjarða við rannsóknir á lífsháttum refa í Hlöðuvík á Hornströndum. Verkefnið var unnið í samvinnu við Líffræðistofnun Háskólans og tók Hólmfríður Sigþórsdóttir líffræðingur þátt í rannsóknunum fyrir hönd þeirrar stofnunar.

Umsjón með verkefninu höfðu þeir prófessor Páll Hersteinsson á Líffræðistofnun og Dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða. Vísindasjóður rannsóknarráðs Íslands, Náttúrustofa Vestfjarða og Veiðikortasjóður veittu fé til verkefnisins.

Samantekt

Hornstrandir hafa algera sérstöðu að því leyti að þar er enginn búskapur eða beit, lítið um uppbyggingu og umferð vélknúinna ökutækja er nánast engin á landi. Dýralífið mótast af þessum staðreyndum og má segja að svæðið sé nánast ósnortið, a.m.k.. víðast hvar.

Á Hornströndum eru nokkur stærstu fuglabjörg landsins og mörg hver vel aðgengileg, ýmist með gott sjónarhorn af sjó og /eða landi.

Eftirfarandi er stutt upptalning á nokkrum þeirra dýra sem rannsóknarfólk varð vart við í Hlöðuvík sumarið 1998:

Eitt tófugreni var í Notkun í Hlöðuvík en ferfættir nágrennar voru bæði í Kjaransvík og Hælavík. Þegar fór að líða á sumarið fóru yrðlingarnir að fylgja foreldrum sínum um vikina. Þar sem stærðarmunur á tófu og yrðlingi var þá ekki áberandi mikill, var þetta heilmikill hópur samankominn þegar sex stálpaðir yrðlingar brugðu sér í lautarferð eða út í fjöru ásamt foreldrum sínum.

Ekki varð vart við ummerki eftir mink í Hlöðuvík en nokkuð virtist um hagamýs. Selir sáust afar sjaldan á sundi úti í vikinni. Sjóbleikja hélt sig í sjónum og veiddust vænir silungar í Hlöðuvíkurlós síðsumars.

Fuglalíf var fjölskrúðugt en algengustu vaðfuglarnir voru sendlingur, sandlóa og heiðlóa. Algengustu spörfuglarnir voru þúfuttlingur, sólskríkja og steindepill. Æðarfugl sat á sjónum í vikinni í hundraðavis og felldu þeir fjaðrirnar þegar leið á sumarið. Straumandablikar voru líka í tugatali á grynningum í fjöruborðinu, líklega í sama tilgangi. Skógarpröstur verpti í rústum gamla Búðabæjar og vakti rannsóknarfólk með söng.

Fýlar verptu í klettum, bæði í Álfsfelli og Ófærubjargi og sýndu gjarnan listflug ásamt kjóum sem eru snillingar í fluglist.

Saga Hornstranda

Jóna Símonía Bjarnadóttir.

Héraðsskjalasafnið á Ísafirði

Ef marka má orð Landnámu þá voru landnámsmenn Hornstranda engir aukvisar. Miðaldaheimildir greina frá svaðilförum mann norður og þóttu slíkar ferðir vænlegar til fjár og frama. Svo virðist sem Hornstrendingar hafi lifað sáttir við sitt þó ekki færu þeir varhluta af þeirri óöld sem hér ríkti á tímum Sturlunga, þegar höfðingjar riðu um héruð með yfirgangi og ránum. Þegar kemur fram á 18. öld eru heimildir nokkuð á annan veg. Hornstrendingar eru þá sagðir upp til hópa fátækir enda jarðir rýrar og lífsbjörgin háð því sem hægt var að draga úr sjó. Síðustu ár 17. aldar höfðu verið landsmönnunum erfið, mikil harðindi með hafis, aflabrestur og grasleysi sem leiddi til þess að búfenaður féll og fólk dó úr hungri. Ofan á allt saman bættist Stórabóla sem hér herjaði árin 1707-09 að Skaftáreldum ógleymdum.

19. öldin varð öllu vænlegri og segja má að mikill uppgangur hafi einkennt öldina, ekki hvað síst við Djúp. Hornstrendingar fóru ekki varhluta af þessu sem m.a. sést á því að þéttbýli tók að myndast á Látrum í Aðalvík um 1910. Stórbrotin náttúra gerði það að verkum að samgöngur voru erfiðar og það ásamt einhæfu atvinnulífi varð að lokum til þess að byggð á Hornströndum lagðist af.

Fornleifar á Hornströndum

Ragnar Edvardsson

Fornleifastofnun Íslands

Rakin verður saga fornleifarannsókna á Vestfjörðum á síðustu árum og áratugum. Lítið hefur verið um rannsóknir á öllum Vestfjarðakjálkanum en á síðustu árum hefur áhugi fræðimanna á svæðinu aukist.

Fólksflótti af Hornströndum hófst snemma á öldinni sem veldur því að svæðið hefur sérstöðu hvað varðar fornleifarannsóknir fram yfir önnur svæði. Aðalástæða þess að nútíma búskaparhættir voru lítið sem ekkert notaðir og því má búast við að heilu jarðirnar standi óhreyfðar eins og þær voru við upphaf landnáms á svæðinu. Þetta gefur fræðimönnum tækifæri á að framkvæma rannsóknir sem ekki eru hægt annarstaðar.

Í lok fyrirlestrarins verður fjallað um hvernig hægt er að nýta sér þær upplýsingar sem fáast við fornleifarannsókn í ferðamannaíðnaði. Þá sérstaklega hvernig skráning fornminja á Hornströndum getur skapað grunn sem ferðamannaíðnaðurinn getur notað til að skipuleggja ferðir á Hornströndum.

Þróun Vestfjarða sem ferðamannasvæðis

Dorothee Lubecki

Ferðamálafulltrúi Vestfjarða

Á Vestfjörðum hefur verið unnið markvisst þróunarstarf í uppbyggingu ferðaþjónustu. Markmiðið er að þróa vistvæna ferðaþjónustu. Í því sambandi er lögð áhersla á nýtingu þeirra auðlinda sem fyrir hendi eru og að gera sögu og menningu sem í landinu býr sýnilega. Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa síðustu ár unnið í náinni samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða um samræmingu í upplýsingaþjónustu og merkingum í fjórðungnum.

Verkefnið felst meðal annars í því að:

Merkja gönguleiðir

Á Vestfjörðum eru gamlar gönguleiðir yfir heiðar á milli byggðarlaga, sem eru við það að falla í gleymsku. Margar leiðir eiga sína sögu og til eru margir staðir sem bera í sér minningar sem gjarnan má benda ferðamönnum á. Árið 1997 var byrjað að merkja gönguleiðir og stefnan er að halda því áfram. Á þessu ári mun væntanlega fara fram gönguleiðavika í júlí þar sem leiðir í Djúpinu og á Ingjaldssandi verða merktar. Einnig verður haldið áfram að merkja leiðir á Látrabjargssvæði og milli Tálknafjarðar og Bíldudals, á Ströndum og í kringum Ísafjörð. Þá verða leiðir í Bæjarhreppi og víðar á Ströndum skoðaðar.

Gefa út gönguleiðabæklinga

Búið er að gefa út fjóra gönguleiðabæklinga og er fyrirhugað að bæta fleirum við á þessu ári. Stefnt er að því að gefa út bæklinga fyrir nágrenni Ísafjarðar, Ingjaldssand, Reykjarfjörð á Ströndum, Bæjarhrepp í Hrutafirði og fyrir sunnanverða Vestfirði (Látrabjargssvæði).

Merkja athyglisverða staði

Auk gönguleiða er stefnt að því að setja upp söguskilti á athyglisverðum stöðum í fjórðungnum. Búið er að þróa útfærslu á skiltunum og á að merkja u.þ.b. 40 sögustaði í fyrstu umferð. Síðan er alltaf möguleiki á að bæta við fleiri stöðum með tímanum.

Áhersla er lögð á að merkingar falli vel að landslaginu og verður rekaviður notaður í öll skilti. Rétt er að nefna, að áætlað er að öll vinnan sem til fellur við skiltagerð verði unnin innan fjórðungsins.

Sérstaða Hornstranda og nærliggjandi svæða

Varðandi uppbyggingu og þróun á Hornströndum hafa marga hugmyndir verið ræddar en ekkert ákveðið. Landeigendur, ferðamenn, ferðaþjónustuaðilar og stjórnvöld eru hver með sína skoðun á málinu, en það er mikilvægt að komist sé að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig framtíð svæðisins á að vera með tilliti til ferðaþjónustu. Það er ljóst að þetta svæði er sérstakt, verðmætt og mörgum kært.

Uppbyggingarvinna sem var lýst hér fyrir ofan nær ekki til Hornstranda í dag og ekki er víst hvort hún eigi að gera það í framtíðinni. Nokkur hreinsunarátök hafa verið unnin af hálfu garðyrkjustjóra Ísafjarðarbæjar og áhugafólks. Einnig hafa nokkrir landeigendur opnað hús sín fyrir ferðamenn og eru farnar skipulagðar ferðir á einstaka staði.

Það er von okkar að ráðstefnan muni hjálpa okkur í því að móta stefnu varðandi framtíð Hornstranda sem ferðamannasvæðis fram á næsta árpúsund. Ráðstefna þessi er fyrsta skref í áttina og opnar vonandi vettvang fyrir áframhaldandi umræður og vinnu að þessum málum.

Hlutverk ferðaskrifstofa / ferðaskipuleggjenda á Hornströndum

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir,
Vesturferðir

Í erindinu er farið yfir hvert hlutverk ferðaskrifstofa hefur verið fram til þessa. Skipulagðar ferðir eins og þær hafa verið. Með hvaða hætti innlendir og erlendir skrifstofur hafa sinnt þjónustu á þessu svæði. Fyrirspurnir sem berast varðandi Hornstrandir. Ábyrgð ferðaskipuleggjenda á ferðamönnum á Hornströndum.

Framtíðarsýn:

Hvernig þjónustu þarf að veita ferðamönnum á Hornströndum

Hvernig þjónustu á að veita ferðamönnum

Á að auglýsa svæðið – og þá með hvaða hætti.

Takmörkun umferðar um svæðið

Á að takmarka umferð um Hornstrandir ?

Hvers hlutverk er það að takmarka umferð um svæðið?

Reglur vs. gjaldtaka

Hver framfylgir reglunum?

Hver tekur við gjaldi ef um slíkt er að ræða ?

Hvernig ætti að standa að gjaldtöku ?

Hver á að greiða gjald?

Hvernig ætti að verja fé af gjaldtöku

Norðurstrandir og Djúp - Framtíðarsýn á ferðahætti

Haukur Jóhannesson

Forseti Ferðafélags Íslands

Inngangur

Aðdráttarafi Norðurstranda - og þá á ég við svæðið norðan Djúps í heild sinni – er tvennskonar.

Fyrir okkur sem eigum rætur á þessu svæði er það annað og meira en stórbrotin náttúra og fjölbreytt landslag. Fyrir okkur er þetta land í vissum skilningi hluti af okkur sjálfum - þangað leitum við að upprunum og minnumst forfeðranna - lífsbaráttu þeirra og minningararfsins.

Fyrir hina er svæðið stórbrotið, sérstakt, fjölbreytt, ósnortið, fáfarið - fjærri ys og þys tímans og tilvalið til lengri og skemmri gönguferða.

En hvert stefnir í framtíðinni? Framtíðin er oft óráðinn en mannkindin gerir sér leik að því að spá fyrir um þróunina. Þær spá geta verið með ýmsum hætti en ég ætla að leyfa mér að spá. Og reyndar tel ég að sú spá muni að vissu marki rætast vegna þess að reynsla er nú þegar fyrir því hvað ferðamenn, innlendir og erlendir, hafa áhuga á og einnig þykist ég hafa sýn á hver þróunin muni verða á næstu árum og áratugum.

Þær hröðu og að því er virðist óstöðvandi þjóðfélagsbreytingar sem gengið hafa yfir frá því fyrir seinna stríð hafa umbylt þjóðfélaginu. Fólkið þyrpist í þéttbýli - bæði á suðvesturhorninu og í stærri kaupstaðina út um landið. Þar býr fólk í miklu nábyli og návígi hvert við annað. Asinn og lífsgæðakapphlaupið veldur því að þéttbýlisbúar þurfa að fara í afslöppun öðru hvoru. Fyrsta valið vill oft verða ferð á sólarstrendur sunnar á jarðarkringlunni en vaxandi áhugi er fyrir ferðum um Ísland og þá ekki síst ferðum um óbyggð svæði - gönguferðir þar sem ferðalangurinn slitna úr tengslum við þjóðfélagið um stund - laus við síma og sjónvarp - laus við áhyggjur af amstri dagsins sem gleymist í stórbrotinni náttúrunni. En það sem meira er að kröfur hafa aukist bæði hvað varðar aðbúnað m.a. í hreinlætisaðstöðu en sérílagi hafa kröfur um fræðslu aukist stórlega - fræðslu um sögu lands og lýðs.

Hvað hefur þetta svæði upp á að bjóða? Það hefur margt upp á að bjóða. Það býður upp á stórbrotna náttúru, ósnortið land, fjölbreytt dýralíf og gróskumikinn gróður. Það hefur upp á að bjóða geysimikla möguleika í gönguferðum um ótroðna vegu, það hefur upp á að bjóða stórmerka sögu um sambúð lands og lýðs. Sambúð við stórbrotna náttúru, harða lífsbaráttu, og í raun fjölbreytt atvinnulíf.

Tvær gönguleiðir

Hér verður fyrst lauslega rætt um tvær gönguleiðir, annars vegar Laugavegin og hins vegar gönguleiðina milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar. Af þeim má draga mikinn lærdóm.

Laugavegur heitir gönguleið á suðurhálendinu. Ferðafélag Íslands lagði drög að henni fyrir um 25 árum. Vinsældir voru litlar framanaf en síðustu 10 árin hefur hann slegið í gegn. Göngumenn voru í fyrstu nær eingöngu Íslendingar en nú er hann orðinn mjög

vinsæll af útlendingum. Fyrst fóru þess leið þaulvant göngufólk sem gerði litlar kröfur. Síðustu 10 árin hafa langflestir göngumenn viljað gista í húsum en nú síðustu árin er það koma inn fólk sem vill fá farangur sinn fluttan milli áfangastaða. Lærdómurinn af Laugaveginum er að þolinmæði vinnur þrautir allar. Það tekur tíma að vinna upp gönguleiðir og menn mega ekki örvænta þótt allt fyllist ekki af ferðamönnum á fáum árum.

Leiðin milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar er mjög gott dæmi um hvernig hægt er að byggja upp með sameiginlegu átaki. Á þessari leið verða þrjú hús sem gengið verður á milli. Heimamenn hafa haft frumkvæði að uppbyggingunni en aðrir ferðaþjónustuaðilar hafa komið þar að verki. Þessi leið á mjög mikla framtíð fyrir sér.

Göngufólk

Samkvæmt reynslu af svipuðum svæðum og Hornströndum má skipta göngufólki í þrjá hópa. Í fyrsta lagi þaulvant göngufólk sem fært er í flestan sjó og gerir litlar kröfur um þjónustu – hefur allt með sér og er að mestu óháð veðri og þarf ekki nauðsynlega leiðsögn. Þessi hópur er lítill, líklega eitt til tvö þúsund manns. Í öðru lagi vant göngufólk sem vill ganga hús úr húsi og kaupa allmikla þjónustu. Þessi hópur er nokkuð háður veðri og yfirleitt vill hann fá leiðsögn. Þessi hópur telur eitthvað um 35.000-50.000 manns. Í þriðja lagi er fremur óvant göngufólk sem vill mikla þjónustu – það er tilbúið að ganga daglangt með mal en vill flutning á farangri milli áningarstaða. Þessi hópur er ekki tilbúinn að öðru jöfnu að liggja í tjöldum og yfirleitt vill hann leiðsögn. Þessi hópur er stór – líklega á bilinu 50.000 til 100.000 manns. Gönguhrólfarnir í fyrsta hópunum eru búnir að ganga flestar vinsælustu gönguleiðirnar og eru yfirleitt þeir fyrstu sem það gera. Annar hópurinn hefur verið að ganga Laugavegin síðustu 10 árin en er nú að byrja að fara á aðrar slóðir. Þriðji hópurinn og sá stærsti er nú að koma inn á Laugavegin.

Hver er framtíð þessa svæðis?

Í ljósi þróunar í ferðamennsku hér á landi og erlendis þá má geta sér til um hver þróunin verður. En lítum á svæðið norðan Djúps og Steingrímsfjarðar. Þetta svæði er að mínu áliti eitt af framtíðar ferðamannasvæðum landsins. Það hefur upp á geysimikla möguleika að bjóða: gönguferðir langar og stuttar, fjölbreytt náttúruferðir, söguslóðir, þjóðsögur og síðast en ekki síst nær ósnortna náttúru.

Við skulum snúa okkur að þeim þáttum sem skipta hér miklu máli. Þar er um að ræða samgöngur, hreinlætisaðstöðu og gístiaðstöðu. Eigi svæðið að ferða vinsælt og höfða til fjöldans þá verður að vera þjónusta á svæðinu. Ferðalangar eru tilbúnir til að greiða fyrir þjónustu.

Samgöngur og gönguleiðir:

Um stærstan hluta þessa svæðis liggja engir vegir og verða ferðalangar að reiða sig á tvo jafnfljóta eða á bátsferðir. Ferðalangar sem koma að, eiga aðeins um tvo kosti að ræða, annars vegar að fljúga og hins vegar að koma akandi. Íslendingar muna að líkindum halda sig við bifreiðina eins og þeirra er vani. Líta má á tvo staði sem þungamiðjur í samgöngum inn á þetta svæði. Annars vegar er það Ísafjörður og hins vegar er það miðbik Árneshrepps. Á báðum þessum stöðum er flugvöllur og líta má einnig á þá sem vegarenda. Frá þessum tveimur stöðum munu langflestar ferðir inn á Norðurstrandir hefjast. Þaðan má segja að siglingar hljóti að verða aðalferðamátinn.

Ísafjörður

Frá Ísafirði eru nokkuð reglubundnar siglingar en svo virðist sem breytingar séu þar í aðsígí – þar á ég við ef reglubundnar siglingar Fagranessins leggjast af. Eftir það verður að ferðamenn að reiða sig á minni skipin og ég tel líklegt að þá verið áherslan meiri á siglingar í Jökulfirði en dragi út beinum siglingum fyrir Straumnes. Í kjölfarið munu ferðahættir um Hornstrandir breytast. Sú breyting mun felast í því að siglt verður á staði eins og Hesteyri, Langeyri og Hrafnfjörð og gengið þaðan norður yfir og komið til baka aftur í Fjörðurnar. Þetta fyrirkomulag mun kalla á að siglingar verði reglubundnar – þ.e. raunverulegar áætlunarsiglingar þar sem ferðamenn geta reitt sig á að hitta á skip á ákveðnum tímum og ákveðnum dögum. Þetta fyrirkomulag tel ég að muni einnig kalla á að komið verði upp húsum á þeim stöðum þar sem skip kemur. Eins og allir vita þá geta veður verið válynd á þessu svæði og sigling getur fallið niður vegna veðurs. Því er nauðsynlegt að sæmileg hús séu á þessum stöðum þótt ekki væri vegna annars en öryggis ferðalanga. Lítum nú aðeins á þessa þrjá staði sem hér eru nefndir að ofan. Á Hesteyri eru hús og eitthvað er um að þau séu leigð út. Vel má hugsa sér að nota þau í þessum tilgangi. Á Langeyri er engin aðstaða fyrir ferðamenn til að bíða af sér veður. Ég tel að Langeyri liggi ákaflega vel við gönguleiðum á Hornströndum og því eðlilegt að litið sé til hennar sem miðstöðvar. Í Hrafnfirði er skipbrotsmannaskýli sem ekki getur með nokkru móti uppfyllt þær þarfir sem krafist er. Hrafnfjörður liggur mjög vel við, bæði við leiðum frá Langeyri, um Lónafjörð, Hornvík, Almennunga eystri og Austurstandir. Hrafnfjörður getur einnig verið upphaf eða endir á Drangaveginum sem nær í Norðurfjörð. Í Hrafnfirði geta ferðalangar þurft að bíða af sér veður og því er lífsnauðsynlegt að koma þar upp góðum gistiskála og hreinlætisaðstöðu.

Norðurfjörður

Líta má á að samgöngulega nái áhrifasvæði Norðurfjarðar norður í Reykjarfjörð. Á þessu svæði er Drangavegurinn sem genginn er á milli Reykjarfjarðar nyrðri og Norðurfjarðar. Þessi gönguleið hefur sótt mikið í sig veðrið á allra síðustu árum og mun án efa verða ein vinsælasta gönguleið landsins er frá líður. Hún mun verða í flokki með Laugaveginum, Kili og Lónsöræfum. Sigling er frá Norðurfirði í Dranga og Reykjarfjörð. Í Reykjarfirði er mjög góð aðstaða, gisting, tjaldstæði, sundlaug og lítill flugvöllur. Leiðin er nú yfirleitt gengin frá Reykjarfirði og suður. Þá er siglt frá Norðurfirði og gist í Reykjarfirði í eina eða fleiri nætur og gengið út. Síðan er lagt af stað og gengin Fossadalshéiði, um Bjarnarfjörð og að Dröngum. Þar hefur verið komið upp tjaldstæði og hreinlætisaðstöðu og vonandi bráðlega gistiaðstöðu. Þá er gengið um Drangahlíð, Drangaskörð og í Drangavík. Þar er ýmist gist í tjaldi eða gengið í Engjanes eða Eyvindarfjörð og gist þar. Á þessum slóðum er engin aðstaða af neinu tagi. Síðan er gengið í Ófeigsfjörð en þar hefur verið komið upp tjaldstæði og hreinlætisaðstöðu. Á síðasta degi er gengið um Sýrárdal, Ingólfsfjarðarbrekku og um Ingólfsfjörð að Eyri. Þar skiptast leiðir eftir því hvert halda skal. Ýmist er farið út með Ingólfsfirði, um Geitahlíð og yfir í Norðurfjörð og gist þar ellegar farið eftir vegi um Melaháls að Finnbogastaðaskóla. Þessi gönguleið mun, eins og áður segir verða mjög vinsæl. Þó þarf að bæta aðstöðuna nokkuð. Nauðsynlegt er að landeigendur á Dröngum og í Ófeigsfirði reki gistiaðstöðu og eins væri mjög þarft ef reist væri gistiaðstaða annað hvort í Engjanesi eða í Eyvindarfirði. Til að gönguleiðir af þessu tagi verði almannavegur eins og t.d. Laugavegurinn, þá þurfa að vera gistiskálar og hreinlætisaðstaða í hverjum náttstað. Einnig ber að geta þess að á þessum slóðum getur veður verið mjög slæmt og nauðsynlegt að hafa gott afdrep.

Strandir morgundagsins

Jón Björnsson

Leiðsögumaður

Stutt kynning á ræðumanni og hvernig hann tengist Hornstrandafriðlandinu
Lausleg kynning á störfum þeim sem unnin voru fyrir Atvinnuþróunarfélagið
Skýrslan kynnt og farið yfir niðurstöður hennar (glærur)

Vangaveltur um framtíð svæðisins út frá niðurstöðum skýrslunnar

Hvernig hafa má áhrif á framtíðarþróun svæðisins

Hvaða hættur standa að svæðinu í dag

Hvaða reglur eiga að gilda (velti upp umræðuþáttum skýrslunnar)

Hver er ásættanleg röskun

Umgengni ferðamanna og hvernig má hafa áhrif á hana til batnaðar

Framtíðarskipan eftirlits

Hvernig samrýmist þróun sú sem á sér stað í ferðaiðnaðinum framtíð svæðisins og
hver eru tækifæri þjónustuaðila á norðanverðum Vestfjörðum

Gildi (verðmæti) þess að halda svæðinu í horfinu

Hvernig viljum við sjá svæðið eftir 50 ár (hvert verður verðgildi þess þá)

Afnot heimafólks af svæðinu norðan Djúps

Sölvi R Sólbergsson

Landeigandi

Þegar talað er um heimafólk, þá getur það átt við hvern sem er frá bæjunum við Djúp og jafnvel víðar. Í þessu erindi verður umræðan afmörkuð við þrengri hóp, sem eru húseigendur og jafnframt landeigendur og búa í næsta nágrenni við svæðið. Þeirra möguleikar hljóta að vera mestir gangvart hverskonar afnotum, því aðgengið er best vegna nálægðarinnar.

Mikil munur er á því hvort viðkomandi landsvæði eða hús er í vegasambandi eða ekki. Erindið fjallar einmitt um þessa sérstöðu svæðis að hafa ekki vegasamband og landfræðilega afmarkast því svæðið við Sandeyri á Snæfjallaströnd og fara strandlengjuna vestur og norður fyrir að Dröngum við Bæjarvík.

Hjálagt er með þessum gögnum er tafla yfir fjölda og staðsetningu húsa, bæði nýrra og gamalla sem eru íbúðarhæf auk annarra bygginga. Tilgangurinn með þessari talningu var að meta í framhaldinu hversu mörg hús tilheyrðu heimamönnum. Allt í allt er verið að tala um 68 íbúðar- og sumarhús á öllu svæðinu og þarf af 37 í eigu og umsjón heimamanna. Afnot heimafólks tengist að mestum hluta dvöl í þessum húsum.

Komið verður inn á fleiri þætti eins og hlunnindi, atvinnustarfsemi, dvalartíma á svæðinu, samgöngumál og fleira í þeim dúr. Einnig sameiginlega hagsmuni húseigenda, ferðamanna og annarra er kunna að hafa erindi inn á svæðið.

Heilbrigðis- og umhverfisvandamál tengd ferðamennsku á Hornströndum.

Anton Helgason

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

Eftir að byggðin á Hornströndum fór í eyði og þar til á allra síðustu árum hafa ekki verið stórvægileg vandamál tengd heimsóknum fólks á svæðið. Á síðustu árum hefur heilbrigðiseftirlit Vestfjarða þó fengið kvartanir sem tengjast óánægju fólks varðandi umgengni á svæðinu. Annarsvegar er kvartað yfir því að fólk geri stykkín sín á skjólsælum stöðum. Fólk kvartar yfir að erfitt sé að fara með börn inn á svæðið seinni hluta sumar, því allt sé vaðandi í mannaskít. Kenna þurfi börnum að forðast gamlar tóftir, stóra steina og yfirleitt þá staði sem veita skjól. Hinsvegar er kvartað yfir því að sorpi sé brennt eða urðað á svæðinu. Það undarlega er að kvartanir varðandi sorpbrennslu á svæðinu tengjast ekki brennunum sjálfum heldur því að fólk virðist halda að óbrennanlegir hlutir brenni. Sérstaklega hefur verið kvartað yfir niðursuðudósum og álumbúðum undan frostpurruðum matvælum.

Á Hornströndum er yfirborðsvatn notað til drykkjar en ómeðhöndlað yfirborðsvatn er yfirleitt ekki nothæft sem drykkjarvatn. Óvarkárni fólks varðandi förgun úrgangs getur gert neysluvatnið hættulegt.

Varðandi fráveitumál á Hornströndum þá eru tvær “löglegar leiðir”. Vatnssalerni í sumarhúsum og kamrar. Megin reglan sem farið er eftir er að skólp frá sumarhúsum á að leiða í rotþró og siturlög. Hinsvegar verður að segja það eins og það er að rotþrær henta illa á Hornströndum. Tæma þarf rotþrær með vissu millibili sem fer að mestu eftir hversu mikil notkunin er. Erfitt er að koma við tæmingu með haugsugum á svæðinu því verður að ráðleggja fólki að taka yfirstærðir að rotþróum fyrir sumarhús á svæðinu. Þurrsalerni geta hentað mjög vel á slíkum stöðum. Hinsvegar má frágangur og ástand þessara mannvirkja ekki vera með þeim hætti að það fæli fólk frá notkun þeirra þannig að það leiti frekar annað. Það sem fælir fólk frá notkun kamra er ólykt, slæmur þrifnaður eða þar er ekki að finna það skjól sem sóst er eftir. Töluverð þróun hefur orðið í byggingu þurrsalerna á síðustu árum þó þess sjáist ekki merki á ströndum. Þriðja gerð salerna sem vert væri að skoða í sambandi við Hornstrandir eru safnhauga klósett þar sem þvag er skilið frá föstum úrgangi sem síðan er látinn brotna niður ekki ósvipað og safnhaugar í gördum. Þessi gerð salerna hefur t.d. verið útfærð fyrir fjallaskála í Svissnesku ölpunum og gefist vel.

Varðandi sorp þá er brennsla við opinn eld og urðun bönnuð á Hornströndum. Þannig að eini möguleikinn til meðhöndlunar á sorpi er að flytja það með sér til byggða. Enda er ákveðin þversögn fólgin í því að orna sér við sorpbrennur og njóta hreina loftsins og heilnæmrar útiveru.

Samstarfsverkefni milli Náttúruverndar ríkisins og Ísafjarðarbæjar um hreinsun og viðhaldsverkefni í friðlandinu á Hornströndum.

Ásthildur Cesil Þórðardóttir.

Garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar.

S.l. tvo ár hefur Náttúruvernd ríkisins styrkt Garðyrkjudeild Ísafjarðarbæjar til viðhalds- og hreinsunarverkefna í friðlandinu á Hornströndum. Einnig hefur verið veittur styrkur fyrir árið 1999.

Styrkur þessi hefur verið notaður til að eignast viðleguútbúnað, greiða fargjöld og matarkostnað vegna ferðanna. Ísafjarðarbær hefur aftur á móti lagt til mannskap. Mjög þarft verk hefur verið unnið þarna við hreinsun og afmörkun göngustíga.

Jón Björnsson hefur verið okkur innan handar og eins hefur verið leitað til Snorra Grímssonar og Gísla Hjartarsonar en þessir menn eru þaukunnugir öllum aðstæðum þarna fyrir norðan.

Það er einnig góð lexía fyrir unga fólkið okkar að fara norður og kynnst staðháttum þar og taka þátt í verkefnum. Sum þessara ungmenna eru ættuð að norðan en færú ekki þangað nema í slíka vinnuferð til að byrja með, sem kannski kveikir í þeim að fara aftur.

Fyrsta ferðin var farinn 1997. Jón Björnsson fór þá sem fararstjóri. Farið var á Hesteyri að Látrum í Aðalvík, Hornvíkina og Hlöðuvík. Var hreinsað til á öllum þessum stöðum.

Næstu ferðir voru farnar 1998. Þann 21 júlí til 24. var farið að Látrum fararstjóri Júlíus Thomassen. Farin var hreinsunarferð. Hreinsuð öll ströndin og upp með og alveg fram að Stakkadalssá og lagaður göngustígur. 5. til 7. ágúst var farið á Hesteyri, fararstjóri Ólöf Jónsdóttir. Þar var hreinsað og sleginn göngustígur.

21. til 24. ágúst fararstjóri Jón Björnsson var farið í Veiðileysufjörð og Hornvík. Gengið yfir Skollakamb og stígur grjóthreinsaður. Aðstæður skoðaðar fyrir Kollinn milli Hornvíkur og Rekavíkur.

Garðyrkjustjóri hefur verið í viðræðum við Snorra Grímsson um verkefni næsta sumars þ.e. að skoða hvernig best er að vinna að viðhaldi göngustíga yfir Skálakamb og fyrir Kollinn milli Hornvíkur og Rekavíkur. Huga þarf vel að þessu verkefni og gera vandaða verkáætlun, líklega þarf að vinna að þessu verki í áföngum.

Ég vil lýsa ánægju minni með þetta fyrirkomulag og vænti mikils af því í framtíðinni. Þarna fer saman ummönnun á friðlýstu svæði og mannrækt þar sem ungu fólki er kennd umgengni við náttúruna og því kennt að virða náttúruperlur Íslands.

Til gamans fylgir með lýsing Júlíusar Thomassen á vinnuferð til Látra í Aðalvík. “Fjaran hreinsuð frá Látralagi að vatni. Hreinsað til í kringum tjaldsvæði. Bárujárn og smájárn tínt saman og urðað. Göngustígur frá legufæri og að skýli gerður sandalafær með fjörugrjóti, gerð 1 stór brú og önnur minni ásamt göngustíg eins og tími gafst til.”

Löggæzla á Hornströndum

Ólafur Helgi Kjartansson

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Friðlandið á Hornströndum heyrir undir umdæmi sýslumannsins á Ísafirði. Enginn býr lengur í friðlandinu eftir að vitavörzlu var hætt á Hornbjargsvita. Mikil umferð er þó um friðlandið, einkum að sumarlagi. Þó er dálítið um ferðir sleðamanna og jafnvel skíðamanna á vetrum.

Eðli málsins samkvæmt er verulega erfitt að halda uppi löggæzlu í óbyggðum, þar sem ekki eru akvegir en á þeim stöðum sem unnt er að aka til.

Löggæzlu á Hornströndum í friðlandinu og einnig utan þess hefur verið sinnt með ýmsum hætti. Á hverju sumri fara tveir lögreglumenn um svæðið, að minnsta kosti einu sinni, stundum tvisvar. Þeir sigla norður og ganga um friðlandið allt og fylgjast með þeim stöðum sem ferðamenn sækja helzt á. Í þessum ferðum hafa net verið gerð upptæk, en laxveiði í sjó er lagalega bönnuð.

Umferð vélknúinna farartækja er einnig bönnuð utan vega í friðlandinu. Þó er eitthvað um ökutæki á svæðinu. Vélsleðaumferð er einnig bönnuð.

Sum árin hafa verið farnar tvær gönguferðir lögreglumanna með þessum hætti.

Einnig hefur verið fylgzt með neyðarskýlum og einu sinni var ferðahópur staðinn að verki og kærður fyrir notkun skýla. Lögregla hefur farið í útköll inn í friðlandið og þá komið sjóveg.

Farið hefur verið á þyrilu nokkrum sinnum til að fylgjast með umferð og veiðiskap.

Ferðir lögreglu hafa ekki verið auglýstar og það getur gerzt hvenær sem er, að lögregla mæti inn í friðlandið til eftirlits og löggæzlu.

Helztu kvartanir eru um skemmdarverk, ágengni ferðafólks, hundahald og laxveiði í sjó.

Sýslumaðurinn á Ísafirði, sem er um leið lögreglustjóri og lögreglulið hans taka við öllum ábendingum um það sem betur má fara í löggæzlu. en því miður er Löggæzla í Hornstrandafriðlandinu mjög dýr vegna fjarlægðar og ferðalaga. Lögreglan hefur notið aðstoða ýmissa, björgunarsveita og ekki sízt Landhelgisgæzlunnar við störf sín.

Öryggismál. Neyðarskýli á Hornströndum !

Magnús Ólafs Hansson

Neyðarskýlanefnd Slysavarnafélags Íslands

Neyðarskýli á norður og austur Ströndum og í Jökulfjörðum þ.e.a.s. í Ísafjarðarsýslu eru níu talsins sem staðsett eru að Sæbóli og Látrum í Aðalvík, Fljótavík, Hlöðuvík, Hornvík, Barðsvík, Furufirði, Hrafnfirði og Sléttu. Neyðarskýlin eru öll með staðlaðan neyðarbúnað sem saman stendur af: Talstöð sem tengd er við rafgeymi og sólarrafhlöðu, gaskút og gashellu, olíulampa og ofnaolíu, mataráhöldum, matarílátum og neyðarmat, neyðarfatnaði s.s. ullarfötum buxum, bolum og sokkum, svefnpokum, ullarteppum, sjúkrakassa, neyðarflugeldum og neyðarblysum.

Farið er nokkuð reglubundið í eftirlit í neyðarskýlin, a.m.k. fjórum sinnum á ári þ.e. vetur, sumar, vor og haust og í flestum tilfellum notið aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands. Nú hin síðari ár hefur umgengni um skýlin á Ströndum verið nokkuð góð þó að misnotkun hafi sannanlega átt sér stað. Í því sambandi má geta þess að við komum s.l. haust í eftirlitsferð að neyðarskýli þar sem tómar vín og bjórflöskur voru á við og dreif um skýlið og matarafgangar lágu á borði og gólfum og öll ofnaolía uppurinn. Við vitum að neyðarmat og neyðarblysum hefur verið stolið úr neyðarskýlunum og ofnaolía verið notuð á varðelda ferðafólks á svæðinu. Við getum reynt að setja okkur í spor þeirra sem hugsanlega þurfa að nota skýlin í neyð, eftir slíka umgengi. Mjög mikilvægt er að ferðafólk láti vita þegar til byggða er komið hvort einhverjar birgðir úr neyðarskýlunum hafi verið notaðar eða hvort fjarskipti séu ekki í lagi.

Ferðir snjósleðamanna á Strandir hafa stóraukist og er oft gott til þess að vita að þeir hafi samband við lofskeytastöðvar til að láta vita af ferðum sínum. Þá er mjög gott að hinn almenni ferðamaður prófi að kalla í strandstöðvar til að athuga hvort fjarskipti séu í lagi.

Eins og ég sagði áðan hefur umgengnin um neyðarskýlin batnað hin síðari ár á Ströndum. Sérstakt átak á vegum Ferðamálasamtaka Vestfjarða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands, varðandi umgengni um neyðarskýli félagsins og friðlandið sjálft var framkvæmt fyrir tveimur árum. Þessum þætti stýrði Jón Björnsson fararstjóri frá Ísafirði af miklum myndarskap og vil ég nota tækifærið hér til að þakka honum frábært starf.

Viðhaldskostnaður á neyðarskýlunum hefur því miður aukist hin síðari ár, kemur þar til að flest skýlin eru smíðuð í kringum 1960 úr timbri þó eru tvö skýlanna úr steypueiningum, annað í Fljótavík og hitt í Barðsvík. Veður og vindar hafa farið illa með neyðarskýlin. Geta má þess að eitt neyðarskýli á Ströndum er úr trefjaplasi, staðsett í Hornvík en skýlið var gefið af velunnurum Slysavarnafélags Íslands og sett upp haustið 1995 og er það skýli algjörlega viðhaldsfrítt. Kostnaður við gerð slíkra skýla er það mikill að björgunarsveitir við Djúp sem annast viðhald og endurbætur, hafa ekki fjármagn til endurnýjunar þeirra. Í dag er heildarkostnaður við eitt slíkt hús með öllum búnaði u.þ.b. ein milljón króna.

Til upplýsinga fyrir áheyrendur hafa björgunarsveitir við Djúp ákveðið að leigja út gístaðstöðu í neyðarskýlum Slysavarnafélagsins á komandi sumri og eru allar nánari upplýsingar veittar hjá Þorleifi á Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík.

Stj. Tið B, nr. 332/1985.

Auglýsing **um friðland á Hornströndum.**

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar. Mörkin fylgja Skorará frá ósi og í Skorarvatn. Þaðan liggja þau meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan í beina línu úr suðausturhluta þess og í upptök þeirrar kvíslar, sem næst er vatninu og fellur í Furufjarðarós. Miðast mörkin við hugsaða línu 200 m fyrir sunnan kvíslina og síðan á móta vegalengd sunnan Furufjarðaróss allt til sjávar í Furufjörð.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 fæðum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð vélknúinna farartæka utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.
3. Leyfi landeigenda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanyttjar á svæðinu. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar. Um netaveiði í ósum straumvatna gilda ákvæði laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. einkum VI. kafla.
4. Gangandi fólki er heimil fœr um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.
5. Náttúruverndarráð og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið.
7. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
8. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
9. Náttúruverndarráð og Landeigendafélag Sléttu-og Grunnavíkurbrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 47/1971.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 44/1985 um friðland á Hornströndum.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1985.

Ragnhildur Helgadóttir

Runólfur Þórarinsson